

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 288/2023

2024/EES/42/42

frá 27. október 2023

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/993 frá 8. júní 2022 um lágmarkspjálfun farmanna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1973 frá 11. október 2022 um viðurkenningu á Breska konungsríkinu samkvæmt tilskipun (ESB) 2022/993 að því er varðar kerfi fyrir pjálfun og útgáfu skirteina farmanna ⁽²⁾.
- 3) Tilskipun (ESB) 2022/993 fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB ⁽³⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 4) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 56j (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB):

„**32022 L 0993**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/993 frá 8. júní 2022 um lágmarkspjálfun farmanna (Stjtið. ESB L 169, 27.6.2022, bls. 45).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Tilskipunin gildir ekki um Liechtenstein.“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 56jx (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/501):

„56jy. **32022 D 1973**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1973 frá 11. október 2022 um viðurkenningu á Breska konungsríkinu samkvæmt tilskipun (ESB) 2022/993 að því er varðar kerfi fyrir pjálfun og útgáfu skirteina farmanna (Stjtið. ESB L 270, 18.10.2022, bls. 99).“

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2022/993 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2022/1973, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtið. ESB L 169, 27.6.2022, bls. 45.

(²) Stjtið. ESB L 270, 18.10.2022, bls. 99.

(³) Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður